

# Jöklarannsóknafélag Íslands

*Skýrsla formanns á aðalfundi 26. febrúar 1991*

## SKIPAN STJÓRNAR OG NEFNDA

Síðasti aðalfundur Jörfi var haldinn 1. mars 1990. Á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund, 6. mars s.l., skipti stjórn með sér verkum og dregið var um röð manna í varastjórn. Stjórnin var þannig skipuð:

### *Aðalstjórn:*

Helgi Björnsson formaður, kosinn 1989 til þriggja ára.  
Sveinbjörn Björnsson varaformaður, kosinn 1989 til tveggja ára.  
Einar Gunnlaugsson ritari, kosinn 1989 til tveggja ára.  
Jón E. Ísdal gjaldkeri, kosinn 1990 til tveggja ára og Stefán Bjarnason meðstjórnandi, kosinn 1990 til tveggja ára.

### *Varastjórn:*

Björn Indriðason 1. varamaður, kosinn 1989 til tveggja ára.  
Jón Sveinsson 2. varamaður, kosinn 1990 til tveggja ára.  
Pétur Þorleifsson 3. varamaður, kosinn 1990 til tveggja ára og Ástvaldur Guðmundsson 4. varamaður, kosinn 1989 til tveggja ára.

Stjórnin kaus formenn hinna ýmsu nefnda og völdu þeir sér nefndarmenn. Nefndir voru þannig skipaðar:

*Rannsóknanefnd:* Helgi Björnsson formaður og Jón Sveinsson Raunvísindastofnun, Hannes H. Haraldsson Landsvirkjun, Oddur Sigurðsson Orkustofnun og Magnús Már Magnússon Veðurstofu.

*Bílanefnd:* Björn Indriðason formaður, Gunnar Guðmundsson, Guðmundur Marísson, Eiríkur Gunnarsson, Engilhart Björnsson, Bárður Harðarson, Ólafur Nielsen og Magnús Eyjólfsson.

*Skálanefnd:* Stefán Bjarnason formaður, Jón E. Ísdal, Ástvaldur Guðmundsson, Gunnlaugur Þórðarson og Pétur Þorleifsson.

*Ritnefnd:* Helgi Björnsson og Pétur Þorleifsson tilnefndir af Jörfi og Leó Kristjánsson, Karl Grönvold og Kristján Sæmundsson tilnefndir af Jarðfræðafélagi.

*Skemmtinefnd:* Halldór Ólafsson formaður, Bryndís Brandsdóttir, Margrét Ísdal og Stefán Bjarnason.

*Endurskoðendur* félagsins voru Elías B. Elíasson og Árni Kjartansson.

Hinn 1. febrúar 1991 voru félagar 574, þar af 526 einstaklingar og 48 stofnanir. Auk þess fengu 7 fjölmiðlar sendan Jökul og fréttabréfið. Bréfafélagar, sem eingöngu fá fréttabréfið, voru 38. Félagar voru hinn 1. febrúar 23 fleiri en við sömu mánaðamót fyrri. Á árinu gengu 26 í félagið, en 3 sögðu sig úr því eða létust.

## RANNSÓKNIR

Rannsóknir á vegum félagsins s.l. ár beindust eins og undanfarin ár að Grímsvötnum og mælingum á jökla-breytingum. Á fjárlögum voru veittar 160 000 kr. til jöklarannsóknna. Af þeirri fjárveitingu var greiddur útlagður kostnaður sjálfboðaliða við mælingar á jökulsporðum, kostnaður við smíði sýnatökutækis og rafstöðvar í gagnasönnunarstöðinni á Grímsfjalli.

### *Vorferð Jörfi.*

Árleg rannsóknarferð Jörfi var farin til Grímsvatna dagana 9.-16. júní. Fararstjóri var Jón E. Ísdal. Landsvirkjun lagði að vanda til snjóþfl og meiðhýsi. Unnið var að eftirtöldum verkefnum:

1. Hæð vatnsborðs Grímsvatna var mæld í borholu við gosstöðvarnar frá 1983 og á miðri íshellu Grímsvatna. Hinn 12. júní s.l. mældist hún 1434 m y.s. Vatnsborðið hafði því risið um 13 m frá því árið áður og náð 5 m hærra en við upphaf Grímsvatnahlaups árið 186. Hæsta staða sem mælst hefur við upphaf hlaups er 1445 m árið 1982. Þeirri hæð hafa Vötnin væntanlega náð nú og búast má því við hlaupi á hverri stundu.
2. Landmælt var 10 km langt snið norðaustur úr Vötnunum í þeim tilgangi að finna hæðarbreytingar umhverfis Vötnin milli hlaupa. Stefnt er að því að endurmæla sniðið að loknu næsta hlaupi til þess að kanna áhrif hlaups á ísskrið inn að Vötnunum. Við höfum þegar gögn, sem sýna að þegar íshellan sigur í hlaupum, streymir ís inn að dældinni frá svæði, sem er margfalt stærra en Vötnin sjálf og utan við þau lækkar yfirborð

- jökulsins um allt að 20-30 m. Síðan rís yfirborðið aftur er líður að næsta hlaupi.
3. Vetrarafkoma var mæld á miðri íshellunni og reyndist 4.40 m (af snjó), sem er nálægt meðallagi.
  4. Borað var með heitu þrýstivatni gegnum íshelluna í þeim tilgangi að mæla hitastig í vatninu undir henni og ná vatnssýnum til þess að kanna hvernig blanda af jarðhitavatni og bræðsluvatni er í Vötunum. Skammt norðan við gosstöðvarnar frá 1983 reyndist þykkt íshellunnar vera 110 m og um 125 m niður á botn. Á miðri íshellunni er hún hins vegar um 250 m þykk. Sýnatökutæki, sem félagið kostaði reyndist ekki vatnspétt. Kapp verður nú lagt á að ná fullum árangri við þetta verk í næstu vorferð. Vatnshitinn í Grímsvötnum ræður miklu um hve hratt vatn rennur úr þeim í hlaupunum og hvert hámarksrennsliverður á Skeiðarársandi.
  5. Háabunga og svæðið milli hennar, Þórðarhyrnu og Pálsfjalls var mælt með íssjá. Þannig fékkst mikilvæg viðbót við kort af vestanverðum Vatnajökli. Á næstu árum munu íssjarmælingar í vorferðum beinast að könnun á suðurhlíðum Grímsfjalls og ofanverðum Skeiðarárjökli.
  6. Ný rafstöð var sett í gamla skálann og kemur hún í stað þeirrar sem staðið hefur vestan við skálann. Félagið bar kostnað af efni í hana, en umsjón með gagnasöfnunarstöðinni hefur Jón Sveinsson. Þar er nú fylgst með jarðskjálftum og landhalla, lofthita og loftþrýstingi, en stefnt er að því að koma þar upp enn áreiðanlegri og fjölbreyttari veðurathugunarstöð en nú er.

#### *Mælingar á Síðujökli.*

Í ferðum til Grímsvatna s.l. sumar varð vart við fjölmargar örsmáar sprungur á svæðum þar sem venjulega sjást engar sprungur. Einnig varð vart við jarðskjálftaóróa, sem jarðskjálftafræðingar velta fyrir sér hvort gæti tengst myndun sprunganna. Sprungurnar gætu bent til þess að framhlaup væri að hefjast í Síðujökli og hugsanlega einnig í Tungnaárjökli. Þegar í lok september var gerður leiðangur á vegum Raunvísindastofnunar og Landsvirkjunar með þátttöku Orkustofnunar á Síðujökul til íssjarmælinga svo að unnt væri að fá kort af yfirborði hans og botni. Kort af Tungnaárjökli hafa áður verið gerð. Fylgst mun með framvindu mála og frekari rannsóknir eru fyrirhugaðar. Nú er liðinn aldarfjórðungur frá síðasta framhlaupi Síðujökuls og 45 ár frá framhlaupi Tungnaárjökuls. Framhlaup á vestanverðum Vatnajökli myndi torvelða ferðir félagsins til Grímsvatna í nokkur ár.

Á sama tíma og unnið var að mælingum á Síðujökli skrappr hópur félaga á Grímsfjall til viðgerða á gagnasöfnunarstöðinni og hefur hún gengið með miklum ágætum í allan vetur.

#### *Mælingar á jökulsporðum.*

Mælingar á jökulsporðum voru unnar með svipuðu sniði og undanfarin ár og hafði Oddur Sigurðsson umsjón með þeim.

## FUNDIR

Að loknum aðalfundarstörfum 1. mars sýndi Pétur Þorleifsson myndir úr ferðum á Vatnajökul. Vorfundur félagsins var síðan haldinn 24. apríl. Þar flutti Magnús Már Magnússon fyrirlestur um snjóflóð og ég ræddi um Svein Pálsson og Jöklaarit hans í tilefni af því að þann dag voru liðin 150 ár frá andláti Sveins. Á haustfundi 23. október, flutti ég fyrirlestur um framhlaup jökla af því tilefni að fyrr um sumarið sáust merki um að framhlaup gæti verið að hefjast í vestanverðum Vatnajökli. Í lok september hófust rannsóknir tengdar því með íssjarmælingum á Síðujökli, eins og fyrr var sagt frá. Þá sýndu Hilmar Már Aðalsteinsson og Karl Ingólfsson myndir af skíðagönguferð frá Snæfelli til Húsafells, 31. mars til 13. apríl 1990.

## ÚTGÁFA JÖKULS

Umbrot Jökuls fer nú fram við Raunvísindastofnun og að því vinnur Vigdís Harðardóttir, jarðfræðingur, með tilsogn frá Marteini Sverrissyni, verkfræðingi. Nokkuð hefur dregist að koma út heftinu frá 1990, m.a. vegna þess að nokkrir höfundar þurftu að vinna við rannsóknir á Heklugosinu og gátu því ekki gengið endanlega frá handritum og leiðrétt prófarkir. Því vil ég hins vegar ekki leyndu að enn sem fyrr hafa höfundar sent frá sér svo illa unnin handrit að þau eru langt frá því að vera birtingarhæf og gífurleg vinna leggst á ritstjóra við að endurbæta greinarnar. Aukin tölvutækni megnar ekki að flýta fyrir útgáfu ritsins meðan svo er. Bryndís Brandsdóttir, Hreggviður Norðdahl og Sveinn Jakobsson unnu að söfnun efnis í ritið og ritstjórn, en Leó Kristjánsson hefur einnig tekið þátt í lestri prófarka. Ritið verður síðan prentað í Prentsmiðjunni Odda. Vinna hefur einnig hafist við árgang 1991, en honum ritstýrir Leó Kristjánsson ásamt mér. Umsjónarmaður félagsefnis hefur verið Pétur Þorleifsson. Bókabúð Máls og Menningar hefur aðstoðað okkur við dreifingu Jökuls til erlendra áskrifenda. Fjárveiting til Jökuls á fjárlögum á síðastliðnu ári var 250 000 kr.

## FRÉTTABRÉF

Einar Gunnlaugsson, ritari félagsins, annaðist útgáfu Fréttabréfsins og kom það reglulega út.

## GJAFIR TIL FÉLAGSINS

Á 40 ára afmælishátíð félagsins afhenti Haukur Hallgrímsson okkur áletraðan veggskjöld að gjöf frá Flugbjörgunar-sveitinni í Reykjavík. Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík og Jöklarannsóknafélag Íslands voru bæði stofnuð haustið 1950 og margir duggestu ferðamenn okkar hafa einnig starfað í Sveitinni og hún hefur á margan hátt aðstoðað

okkur við jöklaferðir, m.a. flutning á nýja skálanum á Grímsfjall. Hinn 23. nóvember vígði Flugbjörgunarveitinn nýtt aðsetur í Reykjavík og við færðum þeim innrammaða veggskreytingu er Gunnar Hjaltason gullsmiður gerði.

Sigríður Gunnarsdóttir færði félaginu innrammað kort af Skeiðarárjökli, sem afi hennar, Samúel Eggertsson, skrautritari, hafði útbúið.

## SKÁLAMÁL

Í vorferð voru gerðar ýmsar endurbætur á skálum félagsins á Grímsfjalli. Allar kojur voru fjarlægðar úr gamla skálanum, settar upp nýjar neðri kojur og gengið frá rafstöð og hitalögn undir þeim. Auk þess var sett upp loftræstirennan við súðina meðfram kojunum. Borið var á skálann að utan. Hitaveiturör var einangrað frá holunni að skálanum. Um helgina 20.-22. júlí hélt hópur félaga áfram starfi á Grímsfjalli. Þeir settu upp efri koju langs eftir gamla skálanum, borð og bekki í norðaustur horn hans, nýja opnanlega gaflglugga og nýja hlera fyrir þá. Kabissan var fjarlægð. Auk þess var borið aftur utan á báða skálana og skipt um rúðu í eldhúsglugganum í nýja skálanum. Miklar breytingar hafa nú orðið á Grímsfjalli á nokkrum árum, en með auknum ferðum þangað er orðið brýnt að bæta þar umgengni.

Af öðrum verkum skálanefndar má nefna að borið var á skálann í Kverkfjöllum og á Kirkjubóli og öllu efni var komið til þess í Goðaborg, en ekki náðist að vinna þar vegna illviðra. Í haustferð félagsins í Jökulheima var tekið til í bílageymslu í Jökulheimum.

Að lokum skal á það benti að tekjur eru nú nokkrar af læstu skálanum og ekki veitir af vegna viðhalds, sem skálanefnd hefur samið áætlun um að vinna markvisst að. Skálanefnd gerði á árinu ítarlega áætlun um viðhald skála og framkvæmdir. Þar kemur fram að Kirkjuból er í góðu ástandi, borið var á skálann að utan, en stefnt er að því að lakka hann að innan. Einnig var borið á Kverkfjalla-skálann, sem er í góðu lagi, en talið nauðsynlegt að húða þar gólfið. Áburðarefni var komið í skálann í Goðahnúkum í vorferðinni, en þar sem ekki reyndist unnt að bera á hann vegna snjóá var gerð sérstök ferð til þess um mitt sumar. Þá var einnig sett plexíglar í gluggahlara til þess að hleypa birtu inn á veturna þegar snjór og ísing liggur á skálanum. Esjufjallaskálinn er í góðu horfi, borið var á hann að utan, en þörf fer að verða á að lakka gólf og vegg. Á Grímsfjalli var fúavörn borin á skálana í vorferð og í ágúst var sett plexíglar í gluggahlara. Öll hús í Jökulheimum voru máluð.

## NÁTTÚRUVERNDARÞING

Jón Ísdal sat 7. Náttúruverndarþingið, 26.-28. október sem áheymarfulltrúi. Þar var m.a. rætt um skipulagsskyldu við byggingar á hálendinu. Hér skal þess getið að allir skálar

félagsins nema nýji skálinn á Grímsfjalli voru reistir áður en reglur um skipulagsskyldu tóku gildi 1979. Áður en sá skáli var reistur hafði félagið samráð við Náttúruverndarráð.

## HÚSNÆÐISMÁL

Húsnæðismál félagsins í Reykjavík eru enn óviðunandi. Leiguherbergi að Bakkagerði 9 er allof lítið og engin leið að koma skipulagi á rit og skjöl félagsins þar vegna þrengsla. Rætt hefur verið í stjórninni um að stefna að því að eignast fokhelt húsnæði, sem félagar gætu gengið frá, en engar ákvarðanir teknar.

## BÍLAMÁL OG FARARTÆKI

Snjóbíll félagsins, Bombardier af árgerð 1972, var s.l. haust fluttur til Reykjavíkur og unnið hefur verið að viðgerðum á honum á verkstæði Gunnars Guðmundssonar. Í bílanefnd hafa hugmyndir verið ræddar um breytingar á bílnum, en nú er unnið að því að setja í hann sjálfskiptingu og millikassa og breikka beltin.

## ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð var haldin laugardag 3. nóvember í Áthugasal Hótelis Sögu og var óvenjumikið í hana lagt í tilefni af fertugsafmæli félagsins. Þar mættu 108 manns og á formaður skemmtinefndar, Halldór Ólafsson eldri, þakkar skyldar fyrir að húa mörgum gömlu félögunum saman það kvöld. Veislustjóri var Jón E. Ísdal, en formaður flutti ávarp og undir borðhaldi lék tríó Önnu Guðnýjar Guðmundsdóttur, Sigurðar Snorrasonar og Páls Einarssonar. Stjórnin þakkar skemmtinefnd mjög vel unnin störf.

## GJÖRFI OG KJÖRFI

Skíðagöngufélagar í GJÖRFI fóru sínar venjulegu heilsubótargönguferðir annan hvern laugardag frá Nesti í Ártúnsbrekku.

Kvenfélag Grímsvatnahrepps hélt uppteknum hætti og stjórnin þakkar þeim allan stuðning á liðnu ári.

## BREYTINGAR Í STJÓRN FÉLAGSINS

Einar Gunnlaugsson, sem hefur setið í aðalstjórn frá árinu 1983, óskar nú eftir að víkja úr henni. Á honum hefur hvílt mjög annasamt starf við ritun fundargerða, umsjón með fréttabréfi, auk spjaldskrár og félagatals og dreifingu giróseðla við innheimtu félagsgjalda. Það var að tillögu Einars og frumkvæði að félagið hóf útgáfu fréttabréfsins í ársbyrjun 1984 og hann hefur annast það frá upphafi. Ég vil fyrir hönd félagsmanna þakka Einarinn fyrir mikil störf í þágu

Jökjarannsóknafélags Íslands. En þótt Einar hafi óskað að víkja úr aðalstjórn kvaðst hann fús til þess að taka sæti í varastjórn, ef þess væri óskað og aðstoða okkur við þann hluta af fyrra starfi sem sneri að spjaldskrá og félagatali.

Björn Indriðason, sem setið hefur í varastjórn frá árinu 1981, baðst undan endurkosningu. Björn er einn af þeim ósérhlífnu áhugamönnum, sem unnið hafa mikið sjálfboðastarf í félagi okkar í ótal ferðum á jökul, þar sem hann hefur langt árabílið ekið snjóþílum, gert við bilanir og gengið í öll störf á sinn hógværa og lítilláta hátt, án þess að hafa viljað láta mikið á því bera. Á starfi slíkra manna lifir þetta félag. Í stjórninni hefur hann lagt á ráðin um mörg mál og þótt hann hverfi nú úr henni vona ég að við getum áfram leitað til hans um ráð við lausn á ýmsum málum.

*Helgi Björnsson*

P.S.

*Greinargerð formanns með tillögum að lagabreytingum*

Stjórn Jökjarannsóknafélags Íslands hefur ákveðið að flytja breytingartillögur við lög félagsins. Þessar tillögur, sem unnar voru af þremur stjórnarmönnum, Einari Gunnlaugsyni, Jóni E. Ísdal og Sveinbirni Björnssyni, hafa verið sendar félögum í 33. fréttabréfi félagsins með nægilegum fyrirvara eins og lög félagsins mæla fyrir.

Tillögurnar eru tvær.

1. Fyrst eru lög um heiðursfélaga og nefnd til þess að velja þá. Á undanförunum stórafmælum félagsins hafa 12

félagar verið heiðraðir fyrir störf sín í þágu félagsins. Þeir eru Árni Kjartansson, Árni Stefánsson, Eggert V. Briem, Guðmundur Jónsson, Gunnar Guðmundsson, Hörður Hafliðason, Ingibjörg Sigurðardóttir, Magnús Eyjólfsson, Magnús Jóhannsson, Ólafur Nielsen, Sigurjón Rist og Þórarinn Björnsson. Til þess að koma reglu á hvernig staðið sé að heiðursviðurkenningu í félaginu leggur stjórnin til að sett verði í lög ákvæði um heiðursfélaga og skipuð nefnd til þess að velja þá. Stjórnin telur að mat á tillögum um heiðursfélaga sé best komið í valnefnd, eins konar öldungaráði virtra félaga, sem lengi hafa starfað í félaginu.

Jafnframt hefur stjórn félagsins ályktað að þeir félagar, sem á 20, 25 og 30 ára afmælum félagsins voru heiðraðir af þáverandi formanni og afhent jöklastjarna því til staðfestingar hafi verið og séu heiðursfélagar Jökjarannsóknafélags Íslands.

2. Önnur tillagan um lagabreytingu er sú að endurvakin verði ferðanefnd, sem undirbúi jöklaferðir félagsins. Vorferðir félagsins eru orðnar svo umfangsmiklar að þær þarf að undirbúa með löngum fyrirvara í samráði við rannsóknanevnd, bílanefnd, skálanefnd, stjórn félagsins og þátttakendur. Æskilegt væri því að stjórnin geti falið nefnd manna að undirbúa ferðirnar og stjórna þeim, frekar en að leggja það starf á eina af þeim nefndum, sem fyrir eru eða allt á einn fararstjóra.

## Jarðfræðafélag Íslands

*Frá starfsemi félagsins starfsárið 1990–1991*

25. aðalfundur Jarðfræðafélags Íslands var haldinn í stofu 101 í Odda þriðjudaginn 14. maí, 1991. Hér á eftir verður sagt frá því helsta sem varðar starfsemi félagsins sl. starfsár.

Haldnir voru 7 stjórnarfundir og gefin voru út 4 fréttabréf. Einnig hefti með ágripum á vörráðstefnu félagsins. Félagið tók á móti hópi jarðfræðinga frá Armeníu sem hingað komu í boði félagsins.

### FÉLAGSSTARF

Alls voru flutt 5 fræðsluerindi á vegum félagsins, tvö fyrir jól og þrjú eftir jól og voru þau vel sótt. Eins dags ráðstefna var haldin 12. apríl í tilefni af 25 ára afmæli félagsins.

Fyrsti fræðslufundur vetrarins var haldinn 30. október. Þá fluttu Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun og prófessor Sigurður Steinþórsson við Háskóla Íslands erindi um hið fræga Skaergaard innskot

á Austur-Grænlandi. Þeir voru í hópi sjö jarðfræðinga sem fóru í ágúst 1990 til Austur-Grænlands til þess að skoða Skærgárd og nutu þar leiðsagnar og hjálpsemi þeirra Kent Brooks, prófessors við Kaupmannahafnarháskóla og dr. Niel Irvine við Carnegie Institution í Washington.

Annar fræðslufundurinn var haldinn 27. nóvember. Elsa G. Vilmundardóttir og fleiri jarðfræðingar fluttu erindi um ferð sem þeir fóru til Armeníu dagana 17.-27. september, 1990, í boði Jarðfræðifélags Armeníu.

Föstudaginn 30 nóvember flutti prófessor Eugen Seibold erindi sem hann nefndi „New trends in Geology“. Seibold er framkvæmdastjóri evrópska vísindaráðsins og var staddur hér vegna ársfundar Rannsóknaráðs og Vísindaráðs. Fyrirlesturinn var haldinn í nafni Jarðfræðafélags Íslands og Háskóla Íslands.

Að venju var haldinn jólafundur í Skólalæ, að þessu